


# FRÉTTABRÉF

## GRUNNSKÓLA HORNAFJARÐAR

7. tbl. 18. árg.  
Október 2023  
Ábyrgðarmaður  
Kristín G. Gestsd.

### Breyting í skóladagatalinu

Nýlega var athygli okkar vakin á því að í skóladagatali 2023-2024 væru bóndadagur og konudagur á röngum dögum. Hið rétta er að bóndadagur er 26. janúar og konudagur 25. febrúar en ekki viku fyrr eins og misritaðist í skóladagatalinu. Dansvikan er 15. janúar til 19. janúar.



## Skólafærnifundur

Sigríður Kristín Gísladóttir iðjuþjálfari, Agnes Steina Óskarsdóttir talmeinafræðingur og Elsa Kristjánsdóttir skólasálfræðingur voru með innlegg á skólafærnifundi um störf þeirra við Grunnskóla Hornafjarðar. Þær ræddu um snemmtæka íhlutun er varðar almennan þroska, málþroska og hreyfifærni barna. Það er mikilvægt fyrir okkur að vera vakandi og fylgja vel eftir almennu þroskaferli barnanna okkar. Fræðingarnir okkar eru einnig með íhlutun í leikskólanum Sjónarhóli, þannig myndast eftirfylgni yfir í grunnskólann og samfella myndast á milli skólastiganna.

# GÓÐ HEIMSÓKN

List- og verkgreinakennararnir okkar tóku á móti list- og verkgreinakennurum allsstaðar að af landinu. Haustferð þeirra var að þessu sinni með það að markmiði að heimsækja Hornafjörð ásamt fleiri stöðum á Suðurlandinu. Vöruhúsið okkar er einstakt fyrir þá hugmyndafræði sem þar er rekin, að allir geti komið þar að og unnið verkefni. Gestirnir voru ánægðir með heimsóknina og ætla einhverjir að sækja okkur heim í apríl þegar árshátíðin okkar verður.



## Viðburðir í Heppuskóla

- 20. okt - 80's þema
- 23. 25. og 27. okt  
blakkeppni
- 31. okt. Halloween

Nemendaráð

# TENGILIÐUR

Líkt og fram kemur í grein Þórgunnar Torfadóttur í 32. tbl. Eystrahorns [32.tbl 2023](#) | [Eystrahorn](#) er hafin innleiðing farsældarlaganna. Ég vil benda foreldrum á að fara yfir þá grein því of langt mál er að telja upp það sem kemur fram þar. Tengiliður starfar við skólann sem er nýtt hlutverk sem á að vinna að farsæld barna hér í sveitarfélaginu. Í vetur sinnir Þórdís Þórsdóttir því starfi í Grunnskólanum.



**FJÖLMIDLANEFND**

**Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR**

## Netumferðaskólinn

### Börn og netmiðlar Foreldrafyrirlestur

Við vitum öll að hið stafræna umhverfi er í stöðugri þróun og netnotkun verður sífellt stærri hluti af lífi barna. Samhliða aukinni netnotkun eykst mikilvægi þess að allir læri á umferðareglur netsins og hvernig eigi að skilja og greina það sem þar fer fram.

Aðgerð stjórnvalda í netöryggi og styrkt af Háskóla-iðnaðar og nýsköpunaráðaneytinu

**Vöruhúsið 23.Október kl 17:00**

Fyrir um daginn verði fræðsla fyrir nemendur í 4. – 7. bekk og starfsmenn skólans

## Það er alltaf nóg um að vera

Í þessum mánuði er von á fyrirlesurum frá fjölmiðlanefnd um netöryggi 23. október n.k.. Fræðslan er fyrir nemendur í 4. – 7. bekk á skólatíma en foreldrum er boðið að sækja fyrirlestur sama dag kl. 17:00 í Vöruhúsinu



# SKÓLAREGLUR

## GRUNNSKÓLA HORNAFJARÐAR

<https://gs.hornafjordur.is/media/pdf-starfsaaetlun/Handbok-2023-2024.pdf>

Í skólanum er unnið eftir uppeldi til ábyrgðar (restitution) sem gengur út á að efla ábyrgð nemenda á eigin hegðun og framkomu og auka öryggi allra í samskiptum. Skólareglurnar taka mið af uppeldi til ábyrgðar og er þeim skipt í tvennt, annars vegar almennar reglur og hins vegar öryggisreglur. Að auki eru reglur um tölvu, síma og snjalltækjanotkun þar sem mörgum reynist erfitt að stjórna notkun sinni á slíkum tækjum. Skólareglur Grunnskóla Hornafjarðar gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans.

### Almennar reglur

Almennar reglur snúast um dagleg samskipti og byggja á almennum siðareglum. Að temja sér að fara eftir þessum reglum er hluti af því að þroskast og fullorðnast og verða ábyrgur þegn í lýðræðissamfélagi. Því er eðlilegt að yngri börn þurfi meiri aðstoð við að temja sér þær en þau sem eldri eru. Almennum reglum er fylgt þegar:

- við sinnum hlutverki okkar
- við komum fram af kurteisi og sýnum tillitssemi
- við berum ábyrgð á eigum okkar
- við berum ábyrgð á gerðum okkar
- við látum aðra í friði



# SKÓLAREGLUR

## GRUNNSKÓLA HORNAFJARÐAR

### Öryggisreglur

Öryggisreglur snúast um að tryggja líkamlegt og andlegt öryggi allra í skólanum. Séu þær brotnar er undantekningarlaust gripið til viðurlaga í samræmi við aldur og þroska viðkomandi nemanda.

Öryggisreglur eru brotnar þegar öryggi er ógnað með ögrandi framkomu t.a.m. með:

- andlegum eða líkamlegum meiðingum
- alvarlegum ögrunum eða hótunum
- notkun á tóbaki, áfengi eða öðrum vímuefnum
- vopnum eða ígildi þeirra
- þjófnaði
- skemmdarverkum
- áhættuhegðun

### Viðbrögð ef út af bregður

Séu öryggisreglur brotnar er samstundis gripið til viðurlaga og er máli þá vísað til viðkomandi skólastjórnanda. Skólastjórnandi tekur ákvörðun um næstu skref. Við brot á öryggisreglum þarf nemandi alltaf að yfirgefa samnemendur sína í lengri eða skemmri tíma í samræmi við eðli og alvarleika brotsins. Oftast þýðir þetta að nemandi þarf að vinna einsamall í einhvern tíma eða missir af frímínútum. Lengd einverunnar fer eftir eðli og alvarleika brotsins og getur verið frá einum frímínútum eða einni kennslustund til þess að vera útilokaður frá því að vera með samnemendum sínum í kennslustundum eða frímínútum í nokkra daga. Teljist brotið alvarlegt getur skólastjórnandi gripið til þess ráðs að vísa nemanda heim til næsta dags eða lengur sé um mjög alvarlegt brot að ræða. Ástæða þess að nemandi þarf að yfirgefa samnemendur sína er fyrst og fremst sú að tryggja öryggi þeirra og gefa nemendum í heild skilaboð um mikilvægi þess að öryggi allra sé í heiðri haft.

Sem betur fer þarf yfirleitt ekki að grípa í þessar aðgerðir, því við viljum alltaf að nemendur fái tækifæri til að gera betur og leiðréttá sín mistök. En einnig að allir séu öruggir í skólanum og að virðing sé borin fyrir eignum þeirra.

